Eftirlitssamantekt HES - Ársskýrsla

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Kallað eftir niðurstöðum eftirlits fyrra árs	Málakerfi	1. Framkvæmdarstjórar heilbrigðiseftirlits sveitarfélagana (HES) bera ábyrgð á gerð samantektar matvælaeftirlits á vegum sveitarfélaganna. Fyrir 1. mars skulu opinberir eftirlitsaðilar senda MAST niðurstöður eftirlits.
2. Niðurstöður eftirlits fyrra árs		2. Í byrjun janúar ár hvert sendir fagsviðstjóri áhættugreiningar eyðublað EBL-052 til HES til útfyllingar vegna eftirlits- og sýnatökuniðurstaðna fyrir s.l. ár. Eyðublöðin eru læst LBE-062, en reitir til útfyllingar eru skyggðir og hafðir opnir. **Skiladagur eftirlits- og sýnatökuniðurstaðna er 1. mars**. Mál er stofnað í málakerfi „Samantekt niðurstaðna matvælaeftirlits HES [ártal]“. Málalykill 8.7.2 Eftirlitssamantekt SKRA-061.
3. Móttaka gagna	Málakerfi	3. Fagsviðstjóri áhættugreiningar tekur á móti eftirlits- og sýnatöku-áætlun frá HES (útfyllt EBL-052). Svör HES eru vistuð í málakerfi undir málinu bréfalykill 8.7.2 (t-póstur). Fagsviðstjóri áhættugreiningar annast samantekt áætlana sbr. lið 4 og 5.
4. Samantekt áætlana	S: drif	4. Excel skjöl úr EBL-052 eru notuð til úrvinnslu niðurstaðna. Þau eru vistuð á S:\Eftirlit\Heilbrigðiseftirlit HES\HES samantekt eftirlits. Í samantekt samantekta HES skjalinu EBL-059 er vinnublað/flipi fyrir hvert HES svæði, sem er hægt að afrita úr EBL-052 sem HES sendir til MAST beint inn í samantektar-skjalið. Skjölin eru útfærð þannig að það birtist samtala úr útfylltum dálkum í vinnublaðinu „samantekt **eftirlits-/sýnatöku-/ neysluvatn-** áætlun“. Einnig er að finna vinnublað í hverju samantektar-excel skjali sem kallast „samanburður milli ára“ eða „samanburður milli svæða“ og tillögur að gröfum vegna eftirlitsniðurstaðna HES.
5. ESA	Málakerfi	5. Gögn vegna samantektar HES eru flutt í eyðublað EBL-054. Í dálkinn „others**“ í vinnublaði „inspections and infringments“ er skráður fjöldi annarra fyrirtækja ásamt fjölda vatnsveita. Í athugasemd er tilgreint hversu margar vatnsveitur er um að ræða. Í vinnublað „Analyses“ skal aðeins skrá þau sýni sem voru yfir viðmiðunarmörkum (dálkur D,E,F,G og H) og heildarfjölda sýna (dálkur J) úr EBL-052. Útfyllt eyðublað er sent rafrænt til fagsviðstjóra samhæfingar á netfangið legal@mast.is, með afrit á fagsviðstjóra samræmingar matvælaeftirlits, og óskað eftir því að þessu verði komið á framfæri við ESA. Gögnin eru send rafrænt úr málaskrá á netfangið icemb.brussel@utn.stjr.is (sendiráð Íslands í Brussel) og óskað eftir að þau verði framsend til ESA. Afrit skal sent á framkvæmdastjóra HES. Gögn og samskipti eru vistuð undir málinu 8.7.2 (Skýrsla).
Endir		